# Orlofsuppbót

*Síðast uppfært 23.05.2025*

Starfsmenn sem greiða í stéttarfélag eiga rétt á orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum. Rétt er að kanna fjárhæð orlofsuppbótar og hlutfall hjá þeim stéttarfélög sem starfsmenn ykkar eru í. Í þessum leiðbeiningum er miðast við að orlofsuppbót sé 60.000 kr, sbr. Eflingu og VR.

## Launakerfi Stólpa



Byrja skal á því að fara í *Kjarasamningar*, velja þar samning númer ***1 Sjálfgefin gildi*** og flipann ***Fastar upphæðir***. Þar skal fastsetja krónutölu fyrir launaliðinn ***Orlofsuppbót*** það árið.




*ATH í öðrum samningum (t.d. númer 100, 200 o.s.frv.) hvort þess launaliður hafi verið fastsettur þar og eyðið þá út þar, aðeins skal fastsetja í samningi 1.*

Stólpi getur reiknað út hversu háa fjárhæð af orlofsuppbót hver launþegi hefur rétt á miðað við síðustu 12 mánuði eða frá maí 2024-apríl 2025.

Það er gert í ***Mánaðarlegar útskriftir*** – Velja skal síðustu 12 útborganir - ***Launayfirlit*** og *tegund* ***C***, næst skal slá inn upphæð orlofsuppbótar fyrir 100% starf og ***Staðfesta***. Stólpi birtir þá skýrslu yfir starfsmenn og hversu háa upphæð þeir hafa rétt á. Auðvelt er að varpa þessari skýrslu yfir í Excel og vinna með hana þar ef á þarf að halda.



**ATH** skýrslan tekur ekki mið af þeim launþegum sem eru búnir að vinna minna en 12 vikur en eru í starfi síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí. Það þarf því að bæta þeim við sérstaklega.



Neskirkja

**Orlofs- og desemberuppbót**

Uppbót miðað við fullt starf: 92.000

Farið vel yfir að tölur séu réttar sérstaklega ef laun eru greidd án þess að skrá dagvinnutíma.
Lámarksvikufjöldi er 12 vikur og 45 vikur eða meira gefur fulla uppbót.

| Launþegi | Vinnustundir | Unnar vikur | Starfshlutfall | Uppbót | Starf síðdur |
|---|---|---|---|---|---|
| [redacted] | 300,00 | 8,12 | 100 | 0 | 1,23 ár |
| | 1.760,00 | 47,63 | 100 | 92.000 | 1,02 ár |
| | 0,00 | 0,00 | 100 | 0 | 4,24 ár |
| | 100,00 | 2,71 | 100 | 0 | 2,51 ár |
| | 30,00 | 0,81 | 100 | 0 | 0,74 ár |
| | 880,00 | 23,82 | 100 | 46.688 | 9,13 ár |
| | 1.920,00 | 51,96 | 100 | 92.000 | 25,33 ár |
| | 1.920,00 | 51,96 | 100 | 92.000 | 13,24 ár |
| Samtals: | 6.910,00 | 187,00 | | 324.688 | |

## Fjöldaskráning á launþega

Í ***Skráning*** launa er valinn flipinn ***Fjöldaskráning - úrtak launþega*** - launþegar valdir með því að dekkja þá og ýta svo á ***Staðfesta***




Síðan skal velja:

***Launaliður 150*** - *Orlofs*uppbót

***Magn 1,0*** (nauðsynlegt að vera búið að fastskrá krónutöluna í kjarasamningar)

***Skrá færslu***

Stólpi mun þá skrá sjálfvirkt viðkomandi launalið á alla valda launþega.

**ATH** með þessu fá allir 100% uppbót. Munið að lagfæra skal þá launþega sem eiga að fá hlutfallslega uppbót.




Að öðrum kosti þarf að slá inn launaliðinn á hvern og einn og það hlutfall sem hver og einn hefur rétt á.

**Þjónustuborð Stólpa** aðstoðar þá sem þess óska, s. **512-4400**, alla virka daga frá kl. 9-16.